

Faxaflóahafnir
Gísli Gíslason, hafnarstjóri
Tryggvagata 17
101 Reykjavík



Reykjavík 19. mars 2020

Efni: Farþegagjöld og aðstöðugjöld farþegaskipa í útsýnis- og skoðunarferðum

Ágæti hafnarstjóri,

Útgerðir farþegaskipa í útsýnis- og skoðunarferðum, líkt og önnur ferðaþjónustufyrirtæki eru nú að verða fyrir gríðarlegu fjárhagslegu tapi vegna Covid-19 veirunnar. Farþegum skipa og báta mun fækka verulega og starfsemi líklega leggjast af tímabundið með tilheyrandi tekjumissi. Með tilliti til aðstæðna leggja Samtök ferðaþjónustunnar til við Faxaflóahafnir að aðstöðugjöldum, farþegagjöldum og öðrum íþyngjandi gjöldum verði aflétt nú þegar til loka ágústmánaðar með það að markmiði að viðhalda sjálfbærum rekstri útgerða til framtíðar.

Faxaflóahafnir eru með í byggingu ný aðstöðuhús fyrir ferðaþjónustufyrirtæki við gömlu höfnina í Reykjavík. SAF hafa fengið fregnir af því frá útgerðum ferþegaskipa í útsýnis- og skoðunarferðum að Faxaflóahafnir hafi nýlega kynnt nýja gjaldskrá og ný gjöld þar sem um er að ræða gríðarlega miklar hækkningar. Samtökin fara fram á að umræddri gjaldskrá verði slegið á frest þar til staða efnahagsmála verði skýrari. SAF kalla eftir fundi í millitíðinni til að ræða gjaldskrána og forsendur hennar.

Virðingarfyllst

Jóhannes Þór Skúlason
Framkvæmdastjóri